

Ed.

249. Nefndarátt

um frv. til laga um verslunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta allengi til meðferðar og meðal annars rætt það itarlega við atvinnuáráðherra og einnig við menn úr verslunarstjettinni, og eru breytingar þær sumar, sem nefndin hefir leyft sjer að leggja til að gerðar væru á frv., gerðar í samráði við nefnda aðilja.

Að því er snertir breytingartillögur nefndarinnar skal tekið fram það, er hjer segir.

Innan nefndarinnar var því að vísu haldið fram, að þar sem frv. meðal annars miðaði að því, að takmarka nokkuð aðgang manna til að öðlast leyfi til verslunar, væri rjett, að tekin væru upp í lögin skýr ákvæði um þekkingarskilyrði þau, sem útheimtað til þessa. Í uppkasti til frv. um verslunaratvinnu, sem verslunarráðið hafði samið, og nefndin einnig hafði fengið í hendur, eru taldar upp þær kröfur, sem verslunarráðið vill gera til þeirra, er verslunarleyfis æskja.

Í frv. stjórnarinnar er umsækjandanum, eftir nánari fyrirmælum, er ráðherra setur, gert að sanna, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum til að bera, sem nauðsynleg er þeim, er verslun reka.

Nefndin getur fallist á þetta, en álitur, að fyrirmæli þau, sem sett kunna að verða í þessu efni, eigi að vera sett í samráði við verslunarráð Íslands fyrir hönd kaupmannastjettar landsins og verslunarfjelaga og Samband íslenskra samvinnufjelaga fyrir hönd samvinnumanna.

Rjett þykir að undanskilja sveitaverslanir, þegar sett eru fyrirmæli þau, er hjer að ofan greinir, með því slíkar verslanir eru varla svo umfangsmiklar, að þörf sje þeim, er þær reka, sömu þekkingar á bókhaldi og vörum og þeim, er versla í bæjum og kaupúnum.

Öllu heldur munu sveitaverslanir yfirleitt vera í smáum stíl, og oftast reknar sem aukastarf samhliða búskap.

Nefndinni þótti of ströng ákvæði 5. gr. 1. tölul., þ. e. að í fjelögum, þar sem nokkrir fjelagar bera ábyrgð á skuldum fjelags, eða allir, eins og t. d. í samvinnufjelögunum, skuli allir þeir, sem í ábyrgðinni eru, fullnægja skilyrðum 1.—4. töluliðs 3. gr.

Sýnist nægilegt, að sjálft fjelagið eigi heimili og varnarþing hjer á landi og að fjelagsstjórnin öll og þeir, sem skuldbundið geta fjelagið með undirskrift sinni, fullnægi þessum skilyrðum, auk þess, sem verslunarþekkingar er ávalt krafist af einum þeirra, sem stjórna fjelaginu eða er heimilt að rita firmað. Um leið og 1. tölul. er þannig breytt, verður 3. tölul. sömu greinar óþarfur, og má því fella hann burt.

Í 6. gr. frv. er meðal annars ákvæði um það, að erfingi, sem er eldri

en 16 ára, megi reka verslun samkvæmt verslunarleyfi arfleifanda, þó hann fullnægi ekki öllum ákvæðum 3. gr., og þykir sýnt, að til þess sje ætlast með ákvæði þessu, að hann megi reka verslunina á þennan hátt, þar til hann sjálfur er fullveðja, en það er þó ekki sagt með berum orðum, og bætti nefndin því við, er þurfa þótti til að skýra þetta ákvæði.

Verslunarleyfi hafa hingað til, auk lausakaupmannsleyfis, verið að eins tvenns konar, þ. e. alment leyfi til að reka verslun og sjerstakt leyfi til sveita-verslunar. Hið almenna leyfi hefir gilt fyrir allar aðrar greinir verslunarinnar.

Eftir frv. verður gagnger breyting á þessu, og er nú ekki ætlast til þess, að sama leyfisbrjef heimili að reka fleiri tegundir verslunar í senn, t. d. heildsölu og smásölu. Þó eru heildverslun, umboðsverslun og tilboðasöfnun svo skyldar tegundir verslunarinnar, að ekki er hægt að bægja heildsölum trá því að reka hinar síðastnefndu tvær verslunartegundir samfara heildsölu, enda virðist frv. ekki ætlast til, að svo sje eða að þeir þurfi til þess nema eitt leyfisbrjef, og hefir nefndin með litilsháttar viðauka gert ákvæði þess skýrara í þessu efni.

Eftir frv. mega heildsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar ekki fá leyfi til að reka verslun annarar tegundar á sama stað og þeir reka heildsölu sína, umboðsverslun eða tilboðasöfnun, eða alt þetta í senn.

Sama gildir um þá, er leyfi hafa til annarskonar verslunar, að þeir eiga ekki að geta fengið leyfi til áðurnefndra þriggja verslunartegunda á sama stað og þeir reka t. d. smáverlun sína.

Eins og áður er á vikið, hafa allir þeir, sem verslun reka, aðra en lausakaupmensku og sveitaverslun, hingað til haft samskonar leyfisbrjef, og að sjálfsgöðu þess vegna talið sjer leyfilegt að versla bæði í smáum og stórum stíl eftir gedþóttu.

Nokkrar verslanir eru nú til, sem versla bæði í heildsölu og smásölu og hafa opna sölubúð til þess sjerstaklega að reka smásölu sína; flestar þessar verslanir eru að nokkru eða öllu leyti sjerverslanir.

Þar sem umsetningin er jafntakmörkuð og hún er hjer á landi, sýnist ekki rjett að meina þeim, er sjerverslun reka að mestu eða öllu leyti, að selja bæði í heildsölu og smásölu, með því það mundi gera þeim að mun óhægra fyrir og vera því til hindrunar yfirleitt, að sjerverslanir gætu þrifist hjer.

Hinsvegar er nefndin þeirrar skoðunar, að það sje til bóta, að verslunin sje aðgreind svo sem föng eru á og að þeir menn, sem hafa aflað sjer sjerþekkingar á ákveðnum vörutegundum, geti gefið sig sem mest að því að versla með þær vörur, sem sjerþekking þeirra nær til.

Yfirleitt eiga sjerverslanir í höndum hæfra manna að geta verið besta trygging þess, að almenningur fái rjetta vöru við rjettu verði.

Þetta, sem nú hefir sagt verið, er það, sem mælir aðallega með því, að leyft sje sama manni að reka verslun fleiri tegunda á sama stað, t. d. heildsölu og smásölu.

Talsvert þykir hafa borið á því, að sumir heildsalar í Reykjavík seldu vörur til einstakra manna til eigin afnota (neyslu), eða sem kallað er í smá-

sölu, án þess þó, að þessir heildsalar hafi samtímis heildsölunni rekið smáverslun opinberlega, þ. e. haft opna sölubúð.

Yfir þessu hafa smásalar alment kvartað, og er það eðlilegt.

Nefndin getur ekki fallist á það, að sami maður megi ekki reka nema einskonar verslun á sama stað. Álitur hún, að það muni aðeins leiða til þess, að sumir heildsalar muni framvegis, eins og haldið er fram, að þeir geri nú, selja beint til neytenda »af Lager«, og keppi þeir þannig við höfuðskiftavini sína, smásalana, án þess að hafa sama tilkostnað og þeir, er halda opinni búð til verslunarinnar.

Hún vill því leyfa, að sami maður megi reka fleiri tegundir verslana á sama stað, gegn því, að hann leysi þau leyfisbrjef, sem frv. ákveður fyrir hverja tegund, og að því er snertir heildsala, að þeir megi einnig reka smásöluverslun á sama staðnum, ef þeir, auk heildsöluleyfisbrjefs, leysa einnig smásöluleyfisbrjef, en þó vill hún áskilja, að heildsalinn hafi opna smásölubúð til verslunarinnar eins og aðrir smásalar.

Verslunarráðið hafði meðal annars lagt það til, að heildsalar og smásalar greiddu auk leyfisbrjefagjaldsins árgjöld, og að hluti af þessum gjöldum rynni til verslunarráðsins og verslunarskóla Íslands.

Hefir nefndin fallist á það að taka lág árgjöld upp í frv., en hún vill, að þau renni beint í ríkissjóð, en ekki neinn hluti þeirra beinlínis til þeirra stofnana, sem verslunarráðið tiltekur. Árgjaldið mundi verða krafðið af samvinnufjelögum eins og öðrum þeim, er verslun reka, og þykir ekki sanngjarnt, með hliðsjón af þessu, að skifta árgjaldinu, eins og gert er ráð fyrir af verslunarráðinu.

Árgjaldið og hækkun leyfisbrjefagjalda er nokkur hemill á of mikla aðsókn manna til að versla, og ennfremur hjálpar árgjaldið til þess að gefa árlegt glögt yfirlit yfir alla þá, sem verslun reka á landinu, og þó nefndin geti, eins og áður segir, ekki lagt það til, að gjaldið renni annað en í ríkissjóð, álitur hún sjálfsagt, að lögleiðing þess verði þess valdandi, að ríkið styrki mentun verslunarstjettarinnar og stuðli að strangara eftirliti með því, að verslun landsins verði rekin á löglegan hátt, betur en hingað til hefir átt sjer stað.

Nefndin getur ekki fallist á það, að verslunarheimild þeirra manna, sem nú hafa verslunarleyfi, skerðist við þessa lagasetningu, með því þá væri rjettur tekinn af þessum mönnum, rjettur, sem þeir hafa öðlast á löglegan hátt þegar þeir leystu verslunarleyfisbrjef sín, þau er þeir hafa nú.

Það, sem hjer hefir sagt verið, nægir til að rökstyðja hinar helstu breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar sjeu á frv. Aðrar smávægilegar breytingar, sem hún hefir gert, eru aðallega orðalagsbreytingar og þarfnast ekki sjerstakrar skýringar, enda mun á þær minst í framsögu.

Tveir nefndarmanna áskilja sjer rjett til að koma fram með frekari breytingar, ef þeim sýnist.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
Á eftir »umboðsverslunar« komi: (commission), og á eftir »vörukaup« í 1. málsg. komi: (agentur).
2. Við 3. gr.
 - a. Á eftir »búi sinu« í 3. tölul. komi: og hefir haft það síðasta árið.
 - b. Á eftir orðinu »lýtur« í fyrri málsgrein 5. tölul. komi: eftir að hafa leitað álits verslunarráðsins og sambands íslenskra samvinnufelaga.
 - c. Á eftir orðunum »taka ekki til« í síðari málsgrein sama töluliðs komi: sveitaverslana nje.
 - d. Á eftir orðinu »rjóma« í sömu málsgrein komi: skyr.
3. Við 5. gr.
 - a. Fyrri málsliður 1. töluliðs orðist þannig:
Ef fjelag er, þar sem nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og fjelagsstjórnin öll eða þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr.
 - b. 3. töluliður falli burtu.
4. Við 6. gr.
Á eftir orðunum »má og« í 3. málsgrein komi: þar til hann hefir náð lögaldri.
5. Við 7. gr.
Fyrri málsgrein orðist þannig:
Leyfishafi fyrirgerir leyfi sinu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., 1. másl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 2.—4. málsg. 6. gr., eða ef rjettur til verslunar er af honum dæmdur.
6. Við 8. gr.
Í stað orðanna »kaupstað, löggiltu kaupþúni eða sveit« komi: umdæmi.
7. Við 10. gr.
 - a. Á eftir orðinu »tilboðasöfnun« í 1. málsgrein komi: eftir sama leyfisbrjefi.
 - b. Í stað orðanna »nje heldur geta þeir í sömu sveit« í 3. málsg. komi: nema þeir hafi þar opna sölubúð.
8. Við 13. gr.
 - a. Orðin »og umboðsverslunar« í 2. máslíð falli niður.
 - b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Auk leyfisbrjefagjaldsins skal heildsali greiða 100 kr. árgjald og smásali 50 kr. árgjald til rikissjóðs, meðan þeir reka verslun samkvæmt leyfisbrjefinu.
Árgjaldið fellur í gjalddaga 1. janúar ár hvert, og skulu lögreglustjórar innheimta það, enda fylgir því lögtaksrjettur.

9. Við 14. gr.
Í stað orðanna »gjald það« i 4. málsgrein komi: gjöld þau.
10. Við 16. gr.
Í stað orðanna »fyrir rannsókn« komi: við rannsókn.
11. Við 17. gr.
a. Í stað orðanna »þann tíma« i 2. málsgrein komi: 1. mars 1925.
b. Orðin »þó er þeim 1. júlí 1925« i sömu málsgr. falli niður.

Alþingi, 28. mars 1925.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Jóhann P. Jósefsson, frsm.
--------------------------------	-----------------------------------	-------------------------------

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson.